

Þig eins og hetja á þessum erfða tíma, þú varst yndisleg manneskja, elskan mín. Elsku Öddi minn, maður hefur varla orð yfir hvað þú varst duglegur allan þennan tíma, en Gulla þín er komin á góðan stað til pabba okkar. Þú og Öddi brölluðu margt í lífinu saman, alltaf fannst mér gaman þegar við vorum að þvælast með hjólhýs-in okkar saman. Elsku Gulla mín, þú varst góð mamma og amma og eigði þið yndisleg börn. Megi Guð styrkja ykkur á þessum erfða tíma. Hvíldu í friði, elsku systir mín, þín verður sárt saknað.

Halldór Halldórsson.

Ágúst mánuður kveður og við fylgjum Guðlaugu síðasta spölinn.

Guðlaug ólst upp í Keflavík og bjó þar alla tíð. Hún var elst af þremur börnum Dóra á Freyjuni og Huldu konu hans. Hún fékk mjög gott atlæti í uppvextinum.

Lengst af starfaði hún sem skólalíði í Myllubakkaskóla alls 25 ár. Nú síðast starfaði hún við heimilishjálpi hjá Reykjanesbæ. Það átti vel við hana að geta aðstoðað fólk sem þurfti á því að halda.

Það var einstaklega kært með Guðlaugu og tengdamóður hennar. Hún aðstoðaði hana mikið og sá um að keyra hana í verslanir og hvert sem hún þurfti, þar sem Anna var ekki með bílpróf. Anna er henni afskaplega þakklát fyrir allt sem hún gerði fyrir hana.

Gulla, eins og hún var kölluð, kom inn í fjölskylduna aðeins 14 ára gömul. Örn Sævar var ástfanginn upp fyrir haus af þessari fallegu, hláturmildu og hlédrægu stúlku. Gulla fylgdi Ödda eftir í áhuga hans á mótörhjólu.

Hún gat setið tímunum saman með Ödda þegar hann var að bardúsa við hjólin úti í bílskúr í Smáratúninu, spjallað og hlegið. Hún hafði unun af því að fara með honum á mótörhjólinu í styttri og lengri ferðir. Þau fóru t.d. í mánaðar mótörhjólaferisur um Evrópu.

Gulla elskaði að verða eiginkona, móðir og amma. Fjölskyldan var hennar líf. Hún hafði gríðarlegan áhuga á innanhúshönnun, enda bar heimilið þess vitni. Þau ferðuðust mjög mikið um landið með börnin, með tjaldvagn eða hjólhýsi.

Margar góðar stundir áttum við saman um jóla og einnig uppi í bústaðnum sem gott er að muna. Í sumar komu þau upp í bústað og við áttum frábæran dag saman þó svo að hún hafi verið orðin mikið veik.

Lífið var ekki alltaf auðvelt fyrir elsku Gullu. Þegar hún var 15 ára þurfti hún að fara í nýrnaaðgerð þar sem annað nýrað var óstarfhæft og það fjarlægð. Hún þurfti því að fara mjög vel með sig á meðgöngu. Árið 2009 gaf hitt nýrað sig og Gulla þurfti að fara í nýrnaveil. Það kom svo í ljós að Örn gat gefið henni nýra. Aðgerðirnar gengu vel. Þetta segir talsvert um það hversu samrýmd þau voru alla tíð. Fyrir aðeins einu ári greindist Gulla með hinn illvíga sjúkdóm MND. Það var bæði átakanlegt og sorglegt að horfa á hvernig sjúkdómurinn herjaði á hana með miklum hraða.

Örn Sævar og börnin gerðu allt sem þau gátu til að auka lífsgæði hennar. Farið var í allskonar framkvæmdir og breytingar á heimilinu, öll hjálpartæki fengin.

Hraðinn á sjúkdómnum var svo mikill að hún þurfti að fara á hjúkrunarheimili þar sem hún síðan lést hinn 24. ágúst síðastliðinn.

Kæri Örn bróðir, Ólafur, Arnar Már, Eiríka, Guðlaug Anna og fjölskyldur, missir ykkar er mikill. Megi allar góðar vættir umvefja ykkur.

Þeir segja mig látinn, ég lifi samt og í ljósinu fæ ég að dafna. Því ljósi var úthlutað öllum jafnt og engum þar þar að hafna.

Frá hjarta mínu berst falleg rós, því lífið ég þurfti að kveðja. Í sorg og í gleði ég senda mun ljós, sem ykkur er ætlað að gleðja. (Höf. ók.)

Leifur og Hildur.

Birna.

Minningin um Gullu er góð, hún var sérlega hæglát og afskiptalaus, það má segja að hún hafi einungis verið á þeim stað sem henni tilheyrði, ekki annarra. Hennar staður var vel hirtur, hjartur og smekklegur, svona nýmóðins.

Börnin voru fjögur þegar þau Öddi voru enn í litla húsinu á Kirkjuvegnum sem var erfitt hús: kjallari, hæð og ris. Hjá henni var allt í röð og reglu, samt var hún útívinandi.

Í einni heimsókninni til Gullu á Kirkjuvegnum er mér það minnstætt þegar hún tók hringstigann upp í jafn mörgum skrefum og beygjurnar á honum voru. Gulla var reyndar hávaxin og spórlétt.

Hennar besti vinur var Öddi, hann var kynntur kærastinn í fermingarveislunni hennar. Hann var eiginmaðurinn hennar, faðir barnanna hennar. Hann var henni allt.

Gulla fór leynt með veikindi sín. Ekki talaði hún um þau frekar en annað.

Bara brosti. Þegar henni varð ljóst í hvað stefndi vildi hún fá að vera út af fyrir sig með fjölskyldunni.

Næm, skynsöm, ljúf í lyndi, lífs meðan varstu hér, eftirlæti og yndi ætíð hafði ég af þér, í minni muntu mér; því mun ég þig með tárum þreypa af huga sárum, heim til þess héðan fer.

Þetta ljóð orti Hallgrímur Pétursson prestur til dóttur sinnar.

Fyrir nokkrum árum dreymdi mig draum. Ég sat ein í Hvalsneskirkju, inni í kirkjunni stóð hvítur bíll.

Dóri bróðir beið úti fyrir ströndinni á Freyjuni og var að bíða eftir að sigla til okunns lands. Nokkru seinna mætti ég Gullu á samskonar bíl hvítum. Nú þegar elskuleg frænka mín er farin til okunns lands þá veit ég eftir hverjum skipstjórinn beið.

Hann beið eftir dóttur sinni og nú sigla þau saman út eftir sólarlaginu. Kveðja,

að hann hafði þá gáfu að sjá meira en aðrir, og fátt mun honum hafa komið á óvart. Alveg var hann öfundarlaus og ekki afskiptasamur um annarra hagi. En ef til hans var leitað brást ekki að hann hjálpaði og gerði það sem hann gat, og meira en það jafnvel. Í daglegu lífi hefi ég aldrei hitt högværari mann.

Gunnar var gláðvær og jákvæður, nokkuð hlédrægur, en hrókur alls fagnaðar þegar svo bar við. Unun hafði hann af ferðalögum og útivist. Nemendur og samkenningar minnst hans með þökk í huga fyrir góða og farsæla vegferð. Í samskiptum við hann brá aldrei skugga á okkar samskipti.

Íslenski tónlistarheimurinn var ekki fjölmenn stétt á þeim árum sem Gunnar var að koma sér þar fyrir. Tónlistarmenn þekktust margir hverjir persónulega. Margar eftirminnlegar frásagnir sagði hann mér frá þeim árum, á þann sérstæða hátt sem honum einum var lagið. Við nemendur hans bárum virðing fyrir meistaranum sem takmarkaðist alls ekki við tónlistina eina og sér. Mörgum frækornum sáði hann sem seinna áttu eftir að blómstra og mun þannig hafa áhrif um okomin ár. Ég horfi á eftir honum með eftirsjá og söknuði, en þó í þeirri vissu að Gunnar mun aldrei hverfa okkur sem þekktum hann. Ég þakka Gunnari að leiðarlökum fyrir einlæga vináttu alla tíð, vináttu sem aldrei brást. Það er heiðrikja yfir minningu hans. Syni hans Geir votta ég innilega samúð.

Egill Héðinn Bragason.

Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð

á höfuðborgarsvæðinu, til 1. nóvember, reglusemi og skilvísi heitið, sími 6113868.

Geymslur

Ferðavagnageymsla Borgarfirði

Geymum tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, báta og fleira í upphituðu rými. Gott verð. Sími 499-3070.

Sólbakki.

Húsviðhald

Húsaviðgerðir
www.husco.is
Sími 555 1947
Gsm 894 0217

Iðnaðarmenn

VIÐHALD
FASTEIGNA

JÁ
IÐNAÐARMENN

Tímavinna
eða tilboð

Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

Ýmislegt

GLERFILMUR

Gluggafilmur

Sand & sólarfilma

544 2030

MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Bílaaleiga

HÓPFERÐABÍLAR TIL LEIGU
með eða án bílstjóra.



-----16 manna-----



-----9 manna-----

Fast verð eða tilboð.
CC.BÍLALEIGA S. 861 2319.

Sumarhús



Sumarhús – Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.

Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn,
sími 892-3742 og 483-3693,
www.tresmidjan.is

Raðauglýsingar

Nauðungarsala

Uppboð

Einnig birt á www.nauðungarsalur.is.

Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:

Bálkastaðir ytri 144097, ehl.gb., Húnaþing vestra, fnr. 213-3226, þingl. eig. Sigurður Ingvi Björnsson, gerðarbeiðandi Húnaþing vestra, mánudaginn 5. september nk. kl. 14:30.

Bálkastaðir syðri 144098, ehl.gb., Húnaþing vestra, fnr. 213-3233, þingl. eig. Sigurður Ingvi Björnsson, gerðarbeiðandi Húnaþing vestra, mánudaginn 5. september nk. kl. 15:00.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
30. júní 2016.

Atvinnuauðlýsingar

Lindakirkja auglýsir

Kirkjuvörður óskast

Um er að ræða fullt starf mánudag til föstudags kl. 9-17. Starfið er fjölbreytt, skemmtilegt og annasamt. Hæfniskröfur eru stundvísí, vinnusemi, tillitssemi, létt lund og góð almenn tölvukunnátta. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Skriflegar umsóknir sendist til Lindakirkju, Uppsölum 3, 201 Kópavogur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. október.

Nánari upplýsingar gefa formaður sóknarnefndar, Arnór L. Pálsson, s. 554 3300 og 821 5133 og sóknarprestur, Guðmundur Karl Brynjarsson, s. 650 5006 eða gegn um netfangið gudmundur.karl@lindakirkja.is

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 Hér í Vesturbænum er haustdagskráin að taka á sig mynd. Opna vinnustofan alla daga kl. 9. Félagsvist alla mánudaga kl. 13. Útskurður byrjar 5. sept., tálgun 6. sept., bókkalúbbur 8. sept., postulín og myndlist 13., 14., 15. sept. Fyrsta BINGÓ 23. sept. og leikfimi 1. okt.

Árskógum 4 Opin smíðastofa kl. 9-16, handavinna með leiðbeinanda kl. 8.30-16.30, opið hús, m.a. spilað vist og brids kl. 13-16, æfing í pútti og úti-botsía í og við þúttvöllinn kl. 10.30-11.30, þegar þurr er veður.

Áskirkja Safnaðarfélag kirkjunnar verður með súpu, brauð og mola-kaffi í hádeginu eftir messu á sunnudag 4. september, verð 700 kr. Vonumst til að sjá sem flesta

Boðinn Handavinnustofa opin frá kl. 9-15.

Bólstaðarhlíð 43 Vetrardagskráin hefst í september, byrjað er að skrá niður á námskeiðin. Uppl. í s. 535-2760.

Dalbraut 18-20 Verslunarferð í Bónus kl. 14.40

Dalbraut 27 Handavinna kl. 8, botsía kl. 14.

Félagshemili Gullsmára Ganga kl. 10, kvennabrids kl. 13. Hár-greiðslustofa og fótaaðgerðastofa á staðnum, allir velkomnir!
Garðabær Opið og heitt á könnunni í Jónshúsi frá 9.30-16. Búta-saumur í Jónshúsi kl. 13. Brids Jónshúsi kls 13.

Gjábakki Dans með Sigvalda hefst 15. september, síðdegisdans með Heiðari hefst 16. september, söngur með Ingvari annan hvern miðvikudag, hefst 21. september, postulín með Rannsó, hefst 12. september, bókband með Stefáni, hefst 15. september, tréskurður með Friðgeiri, hefst 22. september, Bingó FEBK annan hvern fimmtudag kl. 13.30, hefst 1. september, lomber og kanasta alla mánudaga kl. 13. Handavinna kl. 9, félagsvist kl. 13.

Hvassaleiti 56-58 Félagsmiðstöðin er opin kl. 8-16, morgunkaffi og spjall til kl. 10.30, dagblöðin og púsl liggja frammi, morgunleikfimi kl. 9.45, matur kl. 11.30. Sighvatur Sveinsson mætir með nikkuna kl. 13.30 og leikur létt lög, söngbækur liggja frammi svo hægt er að syngja með, kaffi kl. 14.30. Innritun er hafin í félagsstarf vetrarins, nánari upplýsingar á staðnum eða í síma 535-2720.

Hæðargarður 31 Qigong kl. 6.30. Við hringborðið kl. 8.50, línudans fyrir byrjendur kl. 10.15, síðsumarferð á Reykjanesið kl. 12.30, síðdegiskaffi kl. 14.30. Allir velkomnir í Hæðargarð óháð aldri og búsetu, nánari síma 411-2790.

Norðurbrún 1 Morgunkaffi kl. 8.30, trésmiðja kl. 9-12, morgunleikfimi kl. 9.45, viðtalstími hjúkrunarfræðings kl. 10-12, upplestur kl. 11, félagsvist kl. 14, ganga með starfsmanni kl. 14, Bónusbíllinn kl. 14.40, heimildarmyndasýning kl. 16.

Selið, Sléttuvegi 11-13 Allir velkomnir á Sléttuveg óháð aldri og búsetu. Opið er kl. 10-14, matur er afgreiddur kl. 11.30-12.30. Nánari upplýsingar og matarþantánir á opnunartíma í síma 568-2586.
Seltjarnarnes Gler Valhúsaskóla kl. 9 og 13, leir og listasmiðja Skólalbraut kl. 9, botsía Gróttuskól kl. 10, kaffispjall í króknum kl. 10.30, handavinna og opinn salur Skólalbraut kl. 13, vatnsleikfimi í sundlauginni kl. 18.30. Ath. á morgun fimmtudag verður félagsvist í salnum á Skólalbraut kl. 13.30. Allir velkomnir. Skráning stendur yfir á námskeiðin og aðra viðburði. Nánari upplýsingar í síma 8939800.
Vitatorg Dansin sem átti að vera í dag fellur niður og færast frammi fimmtudag kl. 14. Allir velkomnir. Erum farin að skrá í vetrarnámskeiðin okkar, uppl. í síma 411-9450 og 822-3028.

Félagslíf

Hörgshlíð 12
Boðun fagnaðarerindisins.
Bænastund í kvöld kl. 20.00.



KRISTNIÐÓSSAMBANDIÐ

Samkoma kl. 20 í Kristniðóssalnum. Ræðumaður Kristján Þór Sverrisson. Allir velkomnir.

Gunnar Hjálmar Jónsson

+ Gunnar Hjálmar Jónsson fæddist 17. mars 1929. Hann lést 13. ágúst 2016.

Útför Gunnars fór fram 24. ágúst 2016.

Fimmtíu ár eru langur tími miðað við mannsævina. Þrátt fyrir það



málaskoðunum og lífsviðhorfi. Þeir áttu það sameiginlegt að hafa brotið sér leið gegnum erfða lífsbaráttu, eins og hún var á þeim árum þegar þeir voru ungir menn.

Það er ekki auðvelt að lýsa Gunnari svo vel sé. Hann var geysilega hæfileikamikill á tónlistarsviðinu, spilaði á mörg hljóðfæri og afbragðsvel. Þekking hans á tónlist og hljóðfærum var með því móti að þar var aldrei komið að tómunum.

Að minnst á þetta segir þó aðeins hálfá söguna eða minna en það. Gunnar var mikill lífskúntstner og heimspekingur. Hjálpsamur og úrræðagóður var hann með afbrigðum. Margir eru þeir sem eiga honum mikil að þakka. Gunnar var einn af fyrstu og vinsælustu gítarkennurum landsins. Hann hafði næma skynjun á persónu og líðan annarra, og gerði sér glögga grein fyrir á hvern hátt væri best að kenna nemendum sem voru hver öðrum ólíkir.

Gunnar var sérstök manngerð þar sem sameinaðist forn lund og þjóðleg en um leið nýttáskulegri viðhorf en hjá mörgu miklu yngra fólki. Ég er ekki í vafa um